

“ÞEGAR ÞÚ ERT ‘PROFESSIONAL’ : REYNSLA OG SJÁLFSMYND HÁSKÓLAMENNTAÐRA INNFLYTJENDA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI

Erla Sólveig Kristjánsdóttir, lektor, Háskóli Íslands
Þóra Christiansen, aðjúnkt, Háskóli Íslands

Innflytjendum fer fjölgandi og eru núna um 10% af íslensku þjóðinni. Þörfin á hámenntuðu fólki hefur aukist í kjölfar aukins hagvaxtar en innflytjendur upplifa hindranir þegar kemur að atvinnutækifærum og starfsframa á íslenskum vinnumarkaði. Þessar hindranir hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra og aðlögun að vinnustaðnum og þjóðfélaginu. Þessi rannsókn hefur sjálfsmynd (*self-identity*) og félagslega samsemd (*social identity*) í forgrunni og skoðar hvaða áskoranir og tækifæri háskólamenntaðir innflytjendur frá löndum utan Evrópu upplifa og samskipti þeirra við yfirmenn og samstarfsfólk. Enn fremur er leitast við að skilja hvernig samsemdarsköpun og samtönnun (*intersectionality*) sjálfsmynda þessa innflytjendahóps hafa á þeirra starfsframa og hvernig þeir aðlagast á vinnustaðnum og samfélaginu. Tekin voru viðtöl við tólf háskólamenntaða innflytjendur frá löndum utan Evrópu. Viðtölin voru greind og túlkuð samkvæmt fyrirbærafræðilegri aðferðafræði og birtust fjögur þemu úr gögnunum: að tilheyra tungumálasamfélagi, ‘professional’ sjálfmynd, samkeppni við jafningja og ótti við að skapa vandræði. Niðurstöður leiða í ljós að innflytjendur upplifa töluverðar hindranir á vinnustaðnum. Þeir eru ekki samþykktir inn í tungumálasamfélagið. Þeirra ‘professional’ sjálfsmynd er styrkleiki þeirra og stolt en skapar á sama tíma samkeppni við samstarfsfólkið. Þrátt fyrir að nokkrir njóti stuðnings yfirmanna þá upplifa þeir spennu á milli þeirra og samstarfsfólks sem sjá þá sem ógn og samkeppni. Að lokum upplifa þeir vandamál sem tengjast mismunum og lítilsvirðingu; þeir óttast að ræða sínar skoðanir muni skaða starfsandann og að litið verði á þá sem vandamál sem ekki samrýmist þeirra ‘professional’ sjálfsmynd. Þörfin á að halda brosinu og láta sem mismunum og vanvirðing sé ekki til staðar hefur áhrif á líðan þeirra og möguleika á að samlagast íslensku þjóðfélagi. Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa mikið gildi fyrir fjölmenningsstjórnun og aukinn skilning á hvernig samtönnun sjálfsmynda getur bæði hjálpað og hindrað minnihlutahópa á íslenskum vinnumarkaði.